

Hann á því eigi rétt á því nú, þremur árum síðar, gegn andmælum gagnaðilja að setja fram slíka kröfu, er flytja á málið munnlega öðru sinni.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Júdódeild Ármanns, greiði varnaraðilja, Lofti Hilmar Jónssyni, 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 243/1980. **Margrét Magnúsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Helga Heiðari Georgssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

og

Helgi Heiðar Georgsson

gegn

Margréti Magnúsdóttur og

Gunnari Alfreðsyni

(enginn).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Úrivist stefnda fyrir Hæatarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. desember 1980. Hún krefst sýknu af öllum kröfum Helga Heiðars Georgssonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. febrúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi, Gunnar Alfredsson, verði dæmd til að greiða sér óskipt 6.951.46 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi beggja framangreindara aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar öllum dæmdum kröfum.

Stefndi, Gunnar Alfredsson, hefur eigi látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, og var honum þó löglega stefnt.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að eigi hafi verið sýnt nægilega fram á, að áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson hafi með yfirlýsingum eða framkomu sinni á annan hátt gefið fullgilda ástæðu til að ætla, að hann hefði ákveðið að ganga úr skiprúmi. Skipstjórinn óskaði eftir lögskráningu Helga úr skiprúmi 2. júlí 1979. Bar Helga kaup til þess tíma, eins og krafist hefur verið, þar sem ekki er komið fram, að honum hafi fyrir þann tíma mátt vera ljóst, að starfi hans á umræddu skipi væri lokið.

Telja verður fram komið, að áfrýjandi Helgi hafi leyst nokkra aukavinnu af hendi, og bar honum sérstök laun fyrir þá vinnu. Hins vegar lagði hann eigi skýrslur um vinnu þessa fyrir skipstjóra til staðfestingar, svo sem honum var eftir öllum atvikum skylt. Áfrýjandi Margrét og stefndi Gunnar hafa ekki lagt fram gögn, er varða umrædda aukavinnu og vitnað var til í framburði skipstjóra fyrir héraðsdómi. Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um lækkun á kröfum áfrýjanda Helga samkvæmt reikningi fyrir tímavinnu.

Samkvæmt því, er að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda Margréti Magnúsdóttur og stefnda, Gunnar Alfreðsson, til að greiða áfrýjanda Helga Heiðari Georgssyni óskipt 6.456.00 krónur með vöxtum, eins og krafist hefur verið. Þá ber að dæma áfrýjanda Margréti og stefnda Gunnar til að greiða áfrýjanda Helga málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 10.000.00 krónur. Áfrýjandi Helgi á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi, Gunnar Alfreðsson, greiði áfrýjanda Helga Heiðari Georgssyni óskipt 6.456.00 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvembr 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlansvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 10.000.00 krónur í málskostnað.

Áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Vestmannaeyja 4. nóvember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1979, en áritaðri um birtingu 6. nóvember 1970, af Helga H. Georgssyni, Höfðavegi 38, Vestmannaeyjum, á hendur eigendum m/b Þóris, VE 16, Gunnari Alfreðssyni, Bröttugötu 10, Vestmannaeyjum, og Margréti Magnúsdóttur, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum, til heimtu vangoldins kaups og kauptryggingar, kr. 695.234 ásamt með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 30. júní 1979 til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, þar með talin full

málsfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Þóri, VE 16, fyrir öllum framangreindum kröfum.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum á þann hátt, að stefnufjárhæðin var nú lækkuð niður um kr. 88, eða niður í kr. 695.146 en hins vegar var nú krafist 34.5% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 30. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan hæstu innlánsvaxta banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags auk alls málskostnaðar.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu gerð sú varakrafa, að krafist var verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og þá vaxtakröfu mótmælt sérstaklega sem of hárrí.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

I. Málsatvik.

Aðilja greinir í verulegum atriðum á um málsatvik. Í höfuðatriðum þykir þó mega lýsa málsatvikum almennt þannig: Seinni hluta maímánaðar 1979 réðst stefnandi sem 1. stýrimaður á skip stefndu, m/b Þóri, VE 16. Faðir stefnanda, Georg Stanley Aðalsteinsson, starfaði við útgerðina, þ. e. hafði m. a. með höndum greiðslu reikninga, færði bókhaldið og útbjó reikningsuppgjör skipverja. Þá var bróðir stefnanda, Páll Arnar Georgsson, 1. vélstjóri á bátnum. Stefnandi hafði ásamt föður sínum og bróður hug á að kaupa hlut stefnda Gunnars í bátnum. Skipstjóri á bátnum var Matthías Ingibergsson, sambýlismaður stefndu Margrétar. Faðir stefnanda átti viðræður við skipstjórann laugardagsmorguninn 30. júní 1979 um fyrirhugaða eignaraðild þeirra feðga. Stefnandi og bróðir hans voru viðstaddir þær viðræður. Ekki var komist að samkomulagi um, hvernig að eignaraðild þeirra feðga skyldi staðið. Stefnandi hætti við fyrirhugaða eignaraðild þennan sama dag. Umræddan laugardag fór stefnandi um borð í bátinn og tók persónulega muni sína úr bátnum. Skipstjóri var þá ekki um borð, en kom í bátinn síðar þennan sama dag og varð þess áskynja. Skipstjórinn fór á bæjarfógetaskrifstofuna í Vestmannaeyjum mánudaginn 2. júlí 1979 og afskráði stefnanda, og segir í vottorði lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, að stefnandi hafi verið afskráður 30. júní 1976. Skipstjórinn lét stefnanda ekki vita um afskráninguna, og stefnandi kom ekki til skips, eftir að hann hafði tekið persónulega muni sína úr bátnum. Þann 4. júlí 1979 ritaði faðir stefnanda vinnureikning stefnanda á hendur útgerðinni, og dag-

inn eftir útbjó hann enn fremur reikningsuppgjör stefnanda, útgefið 4. nóvember 1979.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið:

„Stefnandi kveður sig hafa verið afskráðan úr skiprúmi á bátnum 30. júní 1979 án samráðs við sig og ekki verið kallaður til skips eftir það, og geymir hann sér rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests sem stýrimaður.“ Í greinargerð stefndu er að finna svohljóðandi málavaxtalýsingu:

„Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi máls þessa hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögsmætan uppsagnarfrest og þar með bakað útgerð m.b. Þóris verulegt tjón.“

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir réttinum. Þá hafa vitnin Georg Stanley Aðalsteinsson og Matthías Ingibergsson komið fyrir dóminn. Framburðir eru sem hér segir:

Stefnandi, Helgi H. Georgsson, 20 ára sjómaður, Heiðarvegi 44, Vestmannaeyjum, kvað ráðningu sína hafa borið að með þeim hætti, að hann hafi verið vélstjóri á öðrum báti um þetta leyti, en verið að hætta þar, en þá frétt, að mannskap vantaði á m/b Þóri, VE 16. Kveðst hann nú hafa snúið sér til Matthíasar Ingibergssonar og falast eftir plássi hjá honum. Kvað hann Matthías hafa tekið sér fegins hendi, því hann hafi vantað menn á bátinn. Kvaðst stefnandi ekki hafa falast eftir stýrimannsplássi, er hann talaði við Matthías, heldur hafi Matthías boðið sér stýrimannsstöðu á bátinum. Kveðst hann síðan hafa verið á undanþágu vegna réttindaleysis. Stefnandi kvaðst ekki skilja, af hverju hann hafi verið afskráður af bátnum þann 30. júlí 1979 (dskj. 4), en stefnandi taldi líklegt, að áður en til afskráningarinnar hafi komið, hafi hann farið með úr skipinu vinnugalla, gúmmígalla, stígvél, sængurföt, samfesting og eitthvað af verkfærum, allt sér tilheyrandi, en gúmmígallann hafi þurft að gera við og samfestinginn þurft að þrifa. Kvað hann einungis hafa verið eftir í bátinum ýmislegt smálegt verkfæradót, svo sem eins og skrúfjárn og þess háttar, loftblásara, er hann kvaðst hafa verið búinn að setja upp í lúkarnum og vatspott í eigu móður sinnar. Í þessu sambandi tók stefnandi sérstaklega fram, að hann hafi alltaf verið að bíða eftir „ræsi“, sem aldrei hafi komið, og síðan frétt það utan úr bæ, að búið væri að ráða nýjan mannskap, en ekki kvað hann skipstjórn hafa verið um borð, er hann tók föggur sínar. Hann tók fram, að bróðir sinn, Páll Arnar, sem hafi verið 1. vélstjóri á bátnum, hafi tekið föggur sínar á sama tíma og hann sjálfur. Stefnandi kvaðst ekki hafa snúið sér til skipstjórans, eftir að hann hafði frétt, að búið var að ráða nýjan mann á bátinn og þá mann í stöðu hans, til að fá skýringar hjá skipstjóranum, enda kvaðst stefnandi hafa litið svo á, að sjómenn væru ekki vanir því, að ráðnir væru menn í staðinn fyrir þá að þeim fornspurðum og því ekki haft áhuga á samræðum við skipstjórnann. Stefnandi kvað reikninginn

varðandi tímavinnuna (dskj. 7) vera frá sér kominn, enn kvað föður sinn, Georg Stanley, hafa handskrifað reikninginn í samræmi við þann tímafjölda, er hann hafi sjálfur haft niðurskrifaðan, en föður sinn kvað hann hafa séð um bókhald bátsins. Kvað hann föður sinn hafa samþykkt reikninginn. Hins vegar kvaðst stefnandi ekki muna, hvenær reikningurinn hafi verið út búinn, og treysti sér ekki til að tilgreina, í hvaða mánuði það hafi verið, og kvað sér ekki vera kunnugt um, hvort búið hafi verið að stefna í málinu, er reikningurinn var út búinn, en hann hafi treyst algerlega þeim, sem um þetta hafi séð. Stefnandinn kvaðst telja skýringuna á því, að júnivinna á reikningunum hafi verið unnin á helgidögum, vera þá, að ekki hafi verið hægt að koma því við að vinna þessa vinnu nema í næturvinnu. Í þessu sambandi tilgreindi stefnandi vinnu við togvindu bátsins. Loks sagði stefnandi að fyrir hádegi laugardaginn 30. júní hafi hann átt orðaskipti við Matthías skipstjóra, en sagðist telja, að það hafi ekki verið í neinu sambandi við vinnusamning sinn, enda hafi að sínu mati ekkert bent til þess, að verið væri að reka sig eða hann sjálfur sagt upp. Hins vegar kvað stefnandi það hafa verið fyrirhugað, að hann og faðir hans keyptu hlut Gunnars Alfreðssonar í bátnum, en umræddan laugardagsmorgun hafi endanlega verið hætt við slíka fyrirhugaða eignaraðild þeirra feðga. Stefnandi vildi hins vegar ekki tengja þetta við stýrimannsstöðu eða störf hans um borð í bátnum.

Vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson, 45 ára útgerðarmaður, Heiðarvegi 44, Vestmannaeyjum, sem er faðir stefnanda, eins og fram er komið, kvaðst hafa verið prókúruhafi fyrir útgerð m/b Þóris, VE 16. Kvað vitnið það hafa borið þannig að höndum, að þann 9. apríl 1979 hafi Matthías Ingibergsson fyrir hönd Margrétar Magnúsdóttur og Gunnars Alfreðssonar komið að máli við sig og óskað eftir því, að vitnið tæki að sér fjárreiður og bókhald bátsins. Í framhaldi af því hafi Margrét Magnúsdóttir og Gunnar Alfreðsson undirritað prókúruumboð honum til handa.

Vitnið kvað sig minna, að stefnandi hafi komið fyrst á bátinn um mánadámótin apríl/mái 1979 og verið þá sem háseti.

Vitnið, sem hafði verið viðstatt, er stefnandi gaf skýrslu sína fyrir réttinum, kvaðst hafa skrifað vinnureikninginn (dskj. 7) og sams konar reikning í máli nr. 67/1979. Staðfesti vitnið áritun sína um samþykkt reikningsins með heimild prókúruumboðsins. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að vefengja vinnuskýrslurnar, þar sem það hafi sjálft unnið með stefnanda að þar tilgreindum verkum. Vitnið kvað 29. júní hafa borið upp á föstudag og þá beri að reikna næturvinnu hjá stefnanda frá kr. 1300 þann dag, en umræddan dag hafi verið unnið til kl. 2400. Kvað vitnið vinnu þá, sem stefnandi hafði innt af hendi, hafa verið utan starfsskyldna hans og beri því að reiknast skv. yfirvinnutöxtum. Vitnið kvað um misritun að ræða

á dskj. nr. 3, lið 5, en þar eigi að standa í samræmi við niðurstöðutölu dskj. nr. 7 kr. 201.059, en vitnið kvaðst hafa ritað uppgjör það, sem lagt væri fram í málinu, dskj. nr. 3. Vitnið sagði, að þann 1. júlí hafi Matthías Ingibergsson hringt í sig og sagt sér að skila bókhaldi bátsins og öllu tilheyrandi útgerðinni. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að taka neitt mark á þessu, þar sem ekki hafi verið formlega rétt að þessari kröfu staðið, en þann 5. júlí hafi sér verið tilkynnt í Útvegsbankanum, að búið væri að afturkalla umboðið. Þann 10. júlí 1979 kvaðst vitnið hafa skrifað bréf, þar sem það hafi lýst því yfir, að afskiptum þess af bátnum væri lokið frá og með þeim degi. Kvaðst vitnið síðan hafa látið stefnuvotta birta Gunnari Alfreðssyni þessa yfirlýsingu, en í desembermánuði 1979 kvaðst vitnið hafa skilað öllu bókhaldi bátsins til lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

Vitnið Matthías Ingibergsson, 47 ára skipstjóri, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum, sambýlismaður Margrétar Magnúsdóttur, kvaðst hafa afskráð stefnanda. Kvað hann ástæður fyrir afskráningunni hafa verið þær, að umræddan laugardagsmorgun (30. júní 1979) hafi Georg Stanley Aðalsteinsson, faðir stefnanda, komið að máli við sig ásamt stefnanda og bróður stefnanda, Páli, og viljað fá sig til lögfræðings til að umdirskrifa skjöl í framhaldi af kaupsamningi, er Georg Stanley og Gunnar Alfreðsson höfðu gert með sér. Þar sem vitnið hafði ekki séð fjárhagslega stöðu útgerðarinnar, en bókhaldið hafði verið í höndum Georgs Stanleys, og af fleiri ástæðum, kvaðst vitnið hafa tjáð Georg, að ekki væru forsendur fyrir afgreiðslu málsins í þeirri mynd sem Georg Stanley hafi óskað eftir. Kvað vitnið Georg Stanley þá hafa sagt, að þeir væru allir hættir og kæmu ekki meir. Ekki hafi komið til frekari orðaskipta, enda komið að hádegis. Eftir hádegis sama dag, er vitnið fór um borð í bátinn, hafi því verið bent á, að allt hafi verið horfið úr káetunni, „kojuföt“ o. fl. Vitnið kvað vinnureikning stefnanda (dskj. 7) ekki fá staðist og kvað vafasamt, að vinna þessi hefði nokkurn tíma verið innt af hendi, að minnsta kosti fengist næturvinnan ekki staðist. Vitnið kvaðst auk þess ekki hafa skrifað upp á vinnureikninga þessa, en það væri hins vegar föst regla, að skipstjóri skrifaði upp á vinnureikninga. Vitnið kvað að öðru leyti vera erfitt að gera athugasemdir við stefnukröfur almennt, þar sem faðir stefnanda, er hafi átt að sjá um bókhald bátsins, hafi enn ekki skilað því uppgerðu og væri óúppgert við mannskap allan af þeim sökum. Vitnið kvaðst ekki hafa haldið löggilta skipsdagbók, en fært inn í kladdabók, sem hafi verið um borð, það, sem í skipsdagbókina skyldi ritast. Vitnið sagði það skoðun sína, að sams konar bátar héldu yfirleitt ekki skipsdagbók, og var helst að skilja á vitninu, að áminnst „kladdabók“ kæmi þar í staðinn. Vitnið kvaðst hins vegar færa inn í löggilta skipsdagbók nú og frá 3. júlí 1979.

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi aldrei sagt upp starfi sínu á skipinu. Ekki hafi í raun farið fram nein slík orðaskipti, er gætu bent til þess, að stefnandi væri að hætta á skipinu, og í því sambandi sé þess sérstaklega að geta, að þau orðaskipti, sem átt hafi sér stað á hafnarbakkanum laugardagsmorguninn 30. júní 1979, hafi verið á milli skipstjórans og Georgs Stanleys Aðalsteinssonar. Þá sé á það að líta, að skipstjóri kveðji stefnanda aldrei til skips. Þó fallast megi á það, að skrifleg brottvikning sé ekki tíðkuð, þá sé það óumdeilt, að skipstjórinn hafi farið og skráð stefnanda úr skiprúmi, eða með öðrum orðum rekið hann af skipinu. Þannig fáist engan veginn staðist sú málsástæða, sem fram komi í greinargerð stefndu, að stefnandi hafi horfið úr skiprúmi, það sé m. ö. o. getgátur einar, að stefnandi hafi tekið pokann sinn. Þá verði bótakröfu ekki skuldað jafnað við launakröfu, en 1. gr. laga um verkkaup kveði skýrt á um það, að stefnandi eigi samkvæmt sjómannalögum rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Þá hafi í þessu máli verið valin sú leið að krefja stefndu um greiðslu vegna vangoldins kaups skv. reikningsuppgjöri, kauptryggingu og tímavinnu. Reikningsuppgjörrið sé gert af þar til bærum aðilja, þar sem Georg Stanley Aðalsteinsson hafi haft prókúru fyrir útgerðina á þessum tíma. Á misskilningi sé hins vegar byggt, að skipstjórinn eigi að skrifa upp á alla reikninga, en það fari hins vegar eftir eðli þess verks, sem unnið sé, og í því tilfelli, sem hér um ræði, sé það 1. vélstjóri bátsins, sem hafi haft umsjón með verki því, sem unnið hafi verið í tímavinnu. Stefnandi bendir loks á, að kauptryggingarkrafan eigi rétt á sér samkv. lögum og samningum, og var vísað til kjarasamnings frá 1976 milli Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags skiptstjórnarmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Vaxtakröfu sína kveður stefnandi vera byggða á lögum um dómvexti.

Stefndu byggja málatilbúnað sinn hins vegar á því, að stefnandi hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögmæltan uppsagnarfrest og bakað með því útgerð m/b Þóris verulegt tjón, eins og segir í greinargerð stefndu. Þá er vitnað til 19. gr. viðkomandi kjarasamnings, þar sem segir: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.“ Enn fremur er bent á, að samkvæmt sjómannalögum hafi stefnanda, sem hafi verið stýrimaður á báti stefndu, borið að segja upp með 3ja mánaða fyrirvara, en um gagnkvæman 3ja mánaða uppsagnarfrest af beggja hálfu sé að ræða skv. nefndum lögum. Málið sé einfaldlega það, að stefnandi hafi „tekið pokann sinn“, og megi vitna til framburðar stefnanda hér fyrir réttinum, er hann segist hafa tekið gúmmígalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s.

frv. Stefnandi hafi að visu haldið því fram, að hann væri að fara með hluti þessa í hreinsun, en það sé fyrirsláttur einn, enda fari stefnandi varla að láta stígvélin sín í hreinsun. Stefnandi hafi þarna verið að hætta á bátnum og hirt allt sitt „dót“. Stefnandi geti ekki rækilegar sýnt fram á, að hann sé hættur, en hann gerði. Hins vegar veki allt hátterni stefnanda miklar grunsemdir. Tímavinnureikningur stefnanda sé þannig lagður fram síðar. Skjal það, sem stefnandi hafi lagt fram um tímavinnu í þessu sambandi (dskj. 7), sé allt mjög hæpið og fái ekki staðist. Það sé ekki samþykkt af þar til bærum aðilja, en aftur á móti af föður stefnanda. Ekki hafi verið beðið um vinnuna og báturinn á veiðum og stefnandi hafi auk þess fengið kaup sitt greitt í formi kauptryggingar. Kjarasamningur sá, sem aðiljar hafi verið háðir, hafi gefið stefndu rétt til bótakröfu úr hendi stefnanda, eins og sýnt hafi verið fram á, vegna hins fyrirvaralaus brotthlaups stefnanda af bátnum. Í því sambandi er af hálfu stefndu tekið fram, að skuldajöfnuður sé fyrir hendi, þar sem í hvoru tveggja tilfellinu sé um peningakröfu að ræða. Í stefnu krefji stefnandi útgerðina um 39 daga kauptryggingu, en stefndu eigi hins vegar rétt til að krefja stefnanda um fjárhæð, sem nemi kaupi hans lögmæltan uppsagnarfrest, eða m. ö. o. kaupi (kauptryggingu) í þrjá mánuði. Sú fjárhæð sé greinilega hærri en sú fjárhæð, sem stefnt sé út af. Stefndu eigi þannig inni hjá stefnanda, en ekki stefnandi hjá stefndu.

Varðandi varakröfuna um verulega lækkun á kröfum stefnanda er af hálfu stefndu byggt á því, að tímareikningurinn eigi að falla niður eða vera lækkaður verulega. Reikningur þessi sé ekki studdur neinum gögnum. Aftur á móti styðji vottorð hins löggilta vigtarmanns (dskj. nr. 9) framburð Matthíasar Ingibergssonar skipstjóra hér fyrir réttinum um það, sem hann hafi ritað í kladdabókina. Þann 31. maí megi þannig sjá, að landað sé úr bátnum, og geti því ekki verið um vinnu af hálfu stefnanda að ræða, sem hann eigi að fá sérstaklega greitt fyrir þann dag. Sama sé um að ræða varðandi tilgreinda vinnu þann 15. júní. Þann 23. júní hafi skipstjórinn ekki beðið um neina vinnu, enda þá allt „klárt“ til veiðiferðar, og ekki geti verið um það að ræða, að stefnandi væri að vinna við togvindu bátsins 28. og 29. júní, þar sem hún hafi þá verið til viðgerðar hjá Vélsmiðjunni Magna. Þá er því loks haldið fram af hálfu stefndu, að framsett vaxtakrafa stefnanda eigi ekki rétt á sér, þar sem vextir eigi að fara eftir innlánsvöxtum, en miðist hins vegar ekki við vexti af vaxtaukareikningum.

III. Niðurstaða dómsins.

Hér á eftir verður fjallað um aðalkröfu og varakröfu samtímis. Kröfur stefnanda í máli þessu eru í raun tvíþættar. Annars vegar er krafist launa

skv. kauptryggingu tímabilið 22. maí 1979 til 30. júní sama ár. Hins vegar launa fyrir tímavinnu tiltekna daga í maí og júnímánuði 1979.

Þótt stefnandi hafi ekki sundurliðað stefnukröfuna sérstaklega, má segja, að viss sundurliðun komi fram í m. a. tveimur málsskjölum, er stefnandi hefur lagt fram í málinu, dskj. nr. 3, þ. e. áminnstu reikningsuppgjöri, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

Kauptrygging 39 dagar	kr. 441.405
Fastakaup 39 dagar	— 12.061
Löndun úr togskipum	— 21.106
Tímavinna	— 201.147
Tekjur án orlofs	kr. 675.719
Orlof 8.33%	— 56.287
Fæðiskostnaður	— 5.771
Inneign frá f. útt.	— 7.417
að frádregnum útteknum peningum	— 49.960
Samtals ógreitt við uppgjör	kr. 695.234

sem gera hina upphaflegu stefnufjárhæð, og dskj. nr. 7, þ. e. áminnstum tímavinnureikningi, sem er svohljóðandi:

„1979 tímavinna v/viðgerða á spili o. fl.			
23/5	8 dv.	1332/-	10.656
23/5	2 ev.	1865/-	3.730
24/5	5 nv.	2398/-	11.990
25/5	5 dv.	1332/-	6.660
25/5	6 nv.	2398/-	14.338
31/5	4 dv.	1332/-	5.328
31/5	2 ev.	1865/-	3.730
1/6	4 dv.	1455/-	5.820
1/6	10 nv.	2619/-	26.190
2/6	10 nv.	2619/-	26.190
3/6	3 nv.	2619/-	7.857
15/6	8 nv.	2619/-	20.952
23/6	6 nv.	2619/-	15.714
29/6	12 nv.	2619/-	31.428
30/6	4 nv.	2619/-	10.476
			201.059

Samþ. G. St.“

Stefnandi leiðrétti tilgreinda fjárhæð vegna tímavinnu á reikningsuppgjöri við munnlegan málflutning, og eins og að framan greinir, lækkaði stefnufjárhæðin til samræmis við það.

Af dskj. nr. 4 er ljóst, að stefnandi var lögskráður sem stýrimaður á skip stefndu frá 25. maí 1979, en var afskráður þann 30. júní 1979. Um kaup á lögskráningartímabilinu skyldi fara eftir samningi viðkomandi stéttarfélags. Í því tilviki, sem hér um ræðir, vísa aðilar til samnings ýmissa stéttarfélaganna yfirmanna á fiskiskipum frá 1. mars 1976, þ. á m. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Kaupkröfu sína byggir stefnandi alfarið á þessum samningi, en stefndu bygga sýknukröfu sína á ákvæði í 19. gr. nefnds samnings, sem, eins og áður greinir, hljóðar svo: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skiverjans úr skiprúmi.“

Telja verður það almenna reglu í íslenskum rétti, að launþegi eigi rétt á kaupi fyrir þá vinnu, er hann innir af hendi í þágu vinnuveitanda síns. Ákvæði sjómannalaga, sbr. II. kafla, 3 og 5, eru í fullu samræmi við þessa meginreglu. Ákvæði í 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins verður því að telja algert undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngri lögskýringu.

Af málsatvikum má ráða, að vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson sá um fjarreiður útgerðarinnar, og líta verður svo á, að hann hafi haft umboð til að afhenda stefnanda uppgjör í nafni útgerðarinnar í samræmi við kjarasamning aðilja. Hins vegar er ljóst, að stefnandi á ekki rétt á kaupi fyrir lengri tíma en lögskráningu nam, eða í 37 daga. Ágreiningslaust virðist, að miða beri við laun skv. kauptryggingu.

Fallast má á það með stefndu, að ýmislegt bendi til þess, að stefnandi hafi laugardaginn 30. júní í framhaldi af viðræðum þeim, sem faðir stefnanda átti við skipstjórann á m/b Þóri, VE 16, stefnandi var vitni að, verið staðráðinn í að hætta á bátnum. Óumdeilt er, að stefnandi tók úr bátnum þennan sama dag ýmsa muni sér þar tilheyrandi, svo sem eins og gúmmigalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s. frv. Framburður stefnanda um, að hann hafi fjarlæggt hluti þessa út bátnum aðeins til bráðabirgða, verður að telja fremur ósennilegan. Hins vegar, þótt á það megi fallast, að stefnandi hafi aldrei gert tilraun til að fara með hlutina aftur um borð, þá verður ekki fram hjá því gengið, að skipstjórinn kvaddi stefnanda aldrei til skips, áður en afskráning fór fram. Enn fremur er ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi átt möguleika á að gæta réttar síns við afskráninguna. Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykir ekki með öllu útilokað, að stefnandi hefði komið til skips, ef hann hefði verið til þess kvaddur af skipstjóra, enda verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnandi hafi fyrirvara-

laust farið úr skiprúmi, hvíli á stefndu, en í gögnum málsins sést ekki, hvenær skipið lagði úr höfn, eftir að afskráning átti sér stað.

Stefndu krefjast þess, að tímareikningurinn falli niður eða verði lækkaður verulega, enda sé hann ekki studdur neinum gögnum.

Líta verður svo á, að stefnandi hafi verið háður fyrir mælum skipstjóra við störf sín. Þá verður að telja, að stefnandi hafi almennt sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi innt af hendi þá vinnu, sem hann krefst hér launa fyrir. Stefnandi gat enn fremur ekki búist við að fá greiðslu hjá utgerðinni fyrir aðra tímavinnu en þá, sem innt var af hendi með vitund og vilja skipstjórans. En skipstjóranum bar hins vegar hér sem endranær að sýna árvekni og hafa eftirlit.

Í samræmi við framburð skipstjórans hér fyrir réttinum og með hliðsjón af dskj. nr. 9 telst stefnandi ekki hafa sannað, að hann hafi átt rétt til sérstakra launa dagana 31. maí og 15. júní. Þá verður að telja, að gegn andmælum skipstjóra hafi stefnandi ekki tekist að sanna, að þeir hafi haft heimild til að vinna við merkingar á togvírurum í næturvinnu 23. júní 1979. Hins vegar verður að telja með hliðsjón af því, að skipstjóranum var skylt að hafa um borð í skipinu löggilta dagbók, þar sem hann gat tilgreint alla þá vinnu, sem unnin var utan hinna venjulegu skipsstarfa, að stefndu verði að öðru leyti að bera hallan af því, að skipstjórinn sinnti ekki þessari skyldu, en kladdabók sú, sem skipstjórinn vitnar til, hefur ekki verið lögð fram í málinu. Í samræmi við ofangreint þykir eðlilegt að taka til greina lið 5 í reikningsuppgjörinu (dskj. 3) með 155.535.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina með kr. 620.413.

Stefnu byggja rétt sinn til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda á 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins, eins og að framan greinir, enda sé hér í hvoru tveggja tilfellinu um peningakröfu að ræða. Þar sem dómurinn hefur hér að framan komist að þeirri niðurstöðu, að stefndu hafi ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er ljóst, að skuldajafnaðarkrafa stefndu kemur ekki til álita né verður hún látin ná fram að ganga. Þó þykir mega taka fram, að ofangreind niðurstaða er í fullu samræmi við hina almennu reglu, sem áður um getur, lögskýringarreglur og umfjöllun dómsins á sönnunarmati.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndu, Gunnar Alfredsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Helga H. Georgssyni, kr. 620.413 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsöu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, sbr. lög um dómvexti, lög nr. 56/1979.

Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 250.000 í málskostnað.

Enn fremur er í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 viðurkenndur sjóveðréttur í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gunnar Alfreðsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Helga H. Georgssyni, kr. 620.413 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.